


Áhættustefna Isavia ohf.



Áhættustefna Isavia ohf.

Útgefandi

Isavia ohf.

Dagsetning

20. nóvember 2024

© 2024 Isavia ohf.

www.isavia.is / isavia@isavia.is

Stefna um heildstæða áhættustýringu (ERM)

1. Tilgangur og umfang

Áhættustefnan byggir á heildarstefnu Isavia (hér eftir nefnt félagið) og nær til allrar starfsemi félagsins. Tilgangurinn með stefnunni er að tryggja virka áhættustjórnun, góða áhættumenningu og bættu yfirsýn hagaðila yfir áhættu í starfsemi félagsins. Skilvirk áhættustýring setur styrkari stoðir undir ákvörðunartöku og styður við gott orðspor. Stefnan byggir á hugmyndafræði COSO heildstæðrar áhættustjórnunar (e. enterprise risk management) og ISO 31000:2018 áhættustýringarstaðals sem báðir byggja á hugmyndafræði heildstæðrar áhættustýringar.

2. Ábyrgð og hlutverk

- Stjórn félagsins ber ábyrgð á yfirsýn yfir skipulag og virkni áhættustýringar, staðfestir áhættustefnuna og felur forstjóra móðurfélags framfylgd hennar.
- Stjórn felur forstjóra daglega stjórnun áhættu félagsins. Forstjóri felur framkvæmd áhættustýringar til framkvæmdastjórnar.
- Framkvæmdastjórnar bera ábyrgð á áhættustýringu innan síns sviðs en geta falið öðrum starfsmönnum framkvæmd áhættustýringar eftir því sem við á:
 - Forstöðumenn bera ábyrgð gagnvart framkvæmdastjóra á þeim verkefnum sem undir þá falla og áhættustýringu þeirra með framkvæmd áhættumildandi aðgerða.
 - Deildarstjórnar eða aðrir stjórnendur bera ábyrgð gagnvart sínum forstöðumanni á þeirri áhættu sem heyrir til þeirra verkefna.
 - Allt starfsfólk félagsins kemur að því að móta áhættumenningu félagsins og kemur að framkvæmd áhættustýringar eftir því sem við á.
- Áhættustýring Isavia upplýsir stjórn og endurskoðunarnefnd félagsins reglulega um helstu áhættur, árangur og ákvarðanir er varða áhættustýringu. Áhættustýringu ber einnig að stuðla að því að stefnan sé endurmetin reglulega, svo sem ef umtalsverðar breytingar verða í umhverfi og/eða í rekstri félagsins sem eru til þess fallnar að valda breyttu áhættusniði.
- Áhættunefnd tryggir að skipulag og framkvæmd áhættustýringar sé til samræmis við stefnu stjórnar, hefur eftirlit og yfirsýn með áhættustýringu félagsins og er ráðgjafandi við mótun á áhættustefnu og áhættuvilja.
- Endurskoðunarnefnd fylgist með verkefnum áhættustýringar og er upplýst um áhættustefnu og áhættuvilja.
- Innri endurskoðun leggur mat á og bætir skipulag og virkni áhættustýringar, innra eftirlits og stjórnarháttar með sjálfstæðum úttektum.
- Forstjóri félagsins er ábyrgur fyrir því að kynna áhættustefnu fyrir starfsfólki með viðeigandi hætti eða fela áhættustjóra kynningu á henni.

3. Stefna og markmið

Isavia leggur áherslu á að þekkja þær áhættur sem geta haft áhrif á stefnur og markmið félagsins og að þær séu hafðar til hliðsjónar við ákvörðunartöku. Áhættur í starfsemi Isavia er skipt í yfir- og undiráhættuflokka. Yfiráhættuflokkar eru stefnuáhætta, fjárhagsáhætta, rekstraráhætta og hlítningaráhætta. Áhættur sem liggja þvert á alla áhættuflokka eru sjálfbærniáhætta, menningaráhætta, orðsporsáhætta og sviksemisáhætta.

3.1. Áhættur sem liggja þvert á alla áhættuflokka

Menningaráhætta er hættan á því að ekki sé samhljómur í þeim gildum sem félagið setur sér og athöfnum stjórnenda, hegðun starfsfólks eða í rekstri félagsins. Áhættunni er stýrt í gegnum sérstakt menningarverkefni sem byggir á uppbyggilegri hegðun.

Sjálfbærniáhætta eru allir þeir atburðir sem geta haft neikvæð áhrif á viðskiptalíkan og stefnur Isavia og getu félagsins til að ná markmiðum sínum og skapa verðmæti. Áhættan felst auk þess í því að félagið nái ekki að standa undir þeim ytri kröfum sem eru gerðar til þess og rík áhersla er lögð á að hlíta þeim. Áhættunni er stýrt á öllum sviðum félagsins allt eftir eðli áhættunnar hverju sinni.

Orðsporsáhætta er hættan á því þegar orðspori Isavia er stefnt í hættu með tilheyrandi afleiðingum eins og neikvæðri umfjöllun, viðhorfum til félagsins eða af óviðráðanlegum ástæðum sem geta haft neikvæð áhrif á hagnað félagsins og/eða á vörumerki. Áhættunni er stýrt á stjórnendastigi, bæði með forvörnum og með skipulögðum vel skilgreindum viðbrögðum ef áhættan verður að veruleika.

Sviksemisáhætta felst í því hversu mikið Isavia er útsett fyrir villandi eða óheiðarlegum athöfnum af hendi einstaklinga eða hópa sem tækifæri hafa til þess að skaða félagið. Áhrifin geta leitt til fjárhagslegs tjóns, skaðað orðspor félagsins og/eða leitt til þess að félagið verði bótaskyldt samkvæmt lögum. Áhættunni er stýrt með vöktun og eftirlitsaðgerðum hvers konar og er tekið tillit til hennar í stefnum og reglum.

3.2. Stefnuáhætta

Áhætta sem er tengd stefnu og markmiðum félagsins. Áhætta að ekki séu stundaðir góðir stjórnarhættir svo sem með því að félaginu séu ekki settar nauðsynlegar stefnur sem styðja við reksturinn. Áhættan snýr einnig að því að stefnan sé ekki í takt við þróun eða breytingar, meðal annars í ytra sem innra umhverfi, breytingar á stjórn og stjórnendum, laga- og reglubreytingar, aukin samkeppni, breytingar á þörfum viðskiptavina. Þessar breytingar geta komið í veg fyrir að markmið stefnunnar náist og kunna að valda félaginu langtíma skaða. Til að lágmarka stefnuáhættu skulu stjórnendur og starfsfólk vera vakandi fyrir umhverfi sínu og fyrirsjáanlegum breytingum og bregðast við með viðeigandi aðgerðum til að lágmarka áhrifin. Allar mikilvægar stefnubreytingar skulu teknar á grundvelli áhættumats.

3.3. Fjárhagsáhætta

Áhætta á því að viðeigandi fjárhagslegur styrkur sé ekki til staðar til að ná stefnumótandi markmiðum félagsins með hliðsjón af áhættunni sem því fylgir, t.d. ytri þáttum eins og efnahagslegu umhverfi og utanaðkomandi áföllum, eins og gjaldþroti lykilviðskiptavina, stríði/hryðjuverkum og/eða náttúruhamförum án þess að þörf sé á auknu eiginfjárframlagi eða neyðarlánum til lengri tíma litið.

3.4. Rekstraráhætta

Margvísleg áhætta í starfseminni sem kann að hafa neikvæð áhrif á daglegan rekstur og samfellu við veitingu á þjónustu félagsins með ríkri áherslu á flugöryggi og flugvernd. Um er að ræða áhættu sem tengist fólki, ferlum og kerfum. Áhættan vísar til mannlegra mistaka, ófullnægjandi innri verkferla, kerfismistaka eða ytri atburða í rekstrarumhverfi sem hafa áhrif á rekstur félagsins og geta valdið beinum eða óbeinum skaða á upplýsingum, búnaði, ímynd, umhverfi, heilsu eða eignum þess. Áhættunni er stýrt með reglum, ferlum og vinnulýsingum, aðskilnaði starfa og öðrum þeim áhættumildandi aðgerðum og skilvirkum viðbragðsáætlunum allt eftir stærðargráðu áhættunnar.

3.5. Hlítingaráhætta

Hætta á að félagið hafi ekki yfir að ráða fullnægjandi ferlum sem greina, meta og stýra hlítingaráhættu. Ferlum sem gerir henni kleift að uppfylla allar þær kröfur sem settar eru fram í lögum, reglugerðum og reglum sem um starfsemina gilda og gagnvart þeim innlendu og alþjóðlegu skuldbindingum sem félagið hefur tekist á hendur svo sem kröfur er varðar starfsleyfi þess. Félagið lágmarkar áhættuna með virkum eftirlitsaðgerðum og skilvirkri vöktun. Bæði með innleiðingu á breytingum og með virkniprófunum.

Markmið áhættustýringar

Isavia vinni með virkum og skipulögðum hætti að eftirfarandi:


- Til staðar sé góður skilningur á áhættu félagsins
- Eftirlitskerfi félagsins samanstandi af áhættustýringu og innra eftirliti
- Áhætta sé greind, metin, vöktuð og henni stýrt með viðurkenndum aðferðum á ábyrgan hátt
- Til staðar sé skipulegt og virkt eftirlit með lykiláhættum félagsins
- Unnið verði með markvissum hætti að því að styrkja áhættumenningu félagsins
- Fram fari reglubundin þjálfun og fræðsla um áhættur félagsins og fyrirkomulag áhættustýringar
- Reglulegri og ítarlegri upplýsingagjöf til stjórnar, endurskoðunarnefndar og áhættunefndar

4. Annað

Stefnan er aðgengileg á innri og ytri vef félagsins.

Stefnunni fylgir viðauki sem eru órjúfanlegur hluti hennar. Viðaukinn fjallar nánar um lykiláhættuþætti og áhættuvilja.

Samþykkt af stjórn Isavia ohf. 20. nóvember 2024

The background is a deep blue gradient. A large, curved, light-colored shape, possibly a stylized 'K' or a light source, is positioned on the right side, creating a strong contrast with the blue background.

KEF